



Áfanganúmer: FRAN1DF05 / FRAN2DF06 – SPÆN1ST05 / SPÆN2EF06 – ÞÝSK1CF05 / ÞÝSK2EF06

Þrep: 1 og 2

Einingar: 11

Forkröfur: FRAN1DF09 / SPÆN1ST09 / ÞÝSK1CF09

Lýsandi heiti: Málfræði, málnotkun og menning tungumálsins; framhald.

Áfangalýsing:

Í þessum síðari hluta fyrsta þreps og fyrri hluta annars þreps er áfram unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun og orðaforði aukinn jafnt og þétt. Leitast er við að nemendur fái aukin tækifæri til að tjá sig. Nemendur þjálfast í nýjum málfræðiatríðum og farið er dýpra í málfræðiatríði fyrra þreps. Unnið er með ýmisskonar kennsluefni samhliða því sem unnið er með annað efni s.s. léttlestrarbækur og smásögur, rauntexa, hlustunar- og myndefni. Lögð er ríkari áhersla á menningu og þjóðfélagsmál og önnur svið samfélagsins. Nemendur vinna í auknu mæli sjálfstæð verkefni og miðla þeim jafnt munnlega sem skriflega. Í lok ársins eiga nemendur að hafa náð að minnsta kosti kunnáttu upp á stig A2 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins.
- notkun tungumálsins í færniþáttunum fjórum við mismunandi aðstæður.
- grundvallaruppbyggingu þjóðfélaga þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál.
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna í þeim löndum þar sem tungumálið er notað og geta tengt þau eigin reynslu, samfélagi og menningu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja mál sem talað er við mismunandi aðstæður sem og skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál.
- lesa margs konar gerðir texta og beita mismunandi lestraraðferðum.
- skrifa ýmis konar texta, jafnt formlega sem óformlega.
- tjá sig skýrt um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið.
- tjá sig í þátíð, nútíð og framtíð bæði munnlega og skriflega.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja meginatriði daglegs máls s.s. samræður og fjölmiðlaefni um efni sem hann þekkir.
- tileinka sér efni ritaðra texta af ýmsu tagi og nýta á mismunandi hátt

- lesa texta af mismunandi formgerðum og eiga auðveldara en áður með að túlka þá og tjá sig munnlega og skriflega um efni þeirra.
- ræða við aðra af nokkru öryggi um efni sem hann þekkir vel til.
- tjá sig á nokkuð skýran hátt um ýmis almenn efni eða sérhæfðari efni sem hann hefur kynnt sér vel.
- skrifa flóknari og fjölbreyttari texta en áður um ýmis efni og fylgja viðeigandi ritunarhefðum.

Mat á hæfniviðmiðum
Sjá námsáætlun